

REGLUGERÐ**um veiðar í þorskfisknet.****1. gr.**

Á tímabilinu 1. janúar til 15. maí 1981, er óheimilt að stunda veiðar í þorskfisknet án sérstaks leyfis sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Ráðuneytið getur bundið leyfi samkvæmt 1. gr. og úthlutun þeirra þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja m. a. í því skyni að stuðla að auknum gæðum afla og takmarka fjölda eða veiðar einstakra gerða skipa.

3. gr.

Ráðuneytið getur með tilkynningu í útvarpi fellt úr gildi leyfi til veiða í þorskfisknet frá ákveðnum svæðum í ákveðið tímabil.

4. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Um mál þau, er rísa kunna af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. desember 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

24. nóvember 1980.

Nr. 613.

AUGLÝSING**um tryggingarfé ferðaskrifstofa.**

Með heimild í 18. gr. laga nr. 60 31. maí 1976, um skipulag ferðamála, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 266 24. júlí 1978, um almennar ferðaskrifstofur, hefur ráðuneytið ákveðið að trygging sú, sem setja verður vegna reksturs ferðaskrifstofu skuli eigi vera lægri en 40.0 millj. gkr. sem jafngildir 400 þús. nýkr., frá birtingu þessarar auglýsingar að telja.

Handhöfum gildandi ferðaskrifstofuleyfa er þó veittur frestur til 1. febrúar 1981 til að auka tryggingarfé sitt.

Samgönguráðuneytið, 24. nóvember 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur S. Valdimarsson.